

An aerial photograph of a festival site. In the foreground, a large grassy field is filled with numerous small, dark-colored tents arranged in rows. To the left of the tents is a dark, irregularly shaped pond. In the middle ground, a paved road runs horizontally, with several white tents and a few cars parked along it. To the right of the road, there are more trees and a few more tents. The background is filled with dense green trees.

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

Tjaldsvæði á höfuðborgarsvæðinu – stutt samantekt
Júní, 2025 / Nóvember 2025

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

þróar og markaðssetur áfangastaðinn í heild.
Áhersla er á að efla atvinnustarfsemi og auka gjaldeyristekjur
með sjálfbærni að leiðarljósi.



Við vinnum undir merkjum
Visit Reykjavík í öllu markaðsstarfi

Helstu áherslur eru að:

- **Efla vitund og þekkingu** um áfangastaðinn og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn og íbúa.
- **Þróa, móta og efla samstarf** og samlegð um málefni ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga, atvinnulífs, ríkis og stoðkerfisins.
- **Efla samkeppnishæfni og slagkraft** áfangastaðarins í alþjóðlegri samkeppni.
- **Stuðla að sátt** íbúa, atvinnulífs og sveitarfélaga um málefni ferðaþjónustunnar.
- **Styrkja stoðir og uppbyggingu** ferðaþjónustunnar, bæta ímynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu og atvinnustarfsemi.
- Annast markaðs- og kynningarstarf, áfangastaðapróun og stuðla að fagmennsku.
- Vera **málsvari og samnefnari** fyrir ferðaþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu.
- Stofan er markaðs- og áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins

Framtíðarsýnin fyrir áfangastaðinn

sem við viljum vera þekkt fyrir



Leiðandi í sjálfbærni

Ein heild fyrir fjölbreytta upplifun

Staður til að hægja á

Samfélag lífsgæða

Gestrisni



Tjaldsvæði og ferðapjónusta

Gisting í tjöldum og húsbílum – fjöldi á landsvísu

Heildarfjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi (2023): **2.214.182***

10,2%

erlendra ferðamanna
gista í tjaldi eða húsbíl
(2023).

Hlutfallið hefur farið
hægt hækkandi síðan
2017.

225.404

er fjöldi ferðamanna
sem gistir í tjaldi eða
húsbíl á árinu 2023
(miðað við 10,2%).

**6.0 (tjald)
7.0 (húsbíll)**

er miðgildi dvalarlengdar.

Miðgildi dvalarlengdar
í tjöldum og húsbílum er hærra
en hjá öðrum gistimöguleikum.
Til dæmis er miðgildið fyrir
hótel og gistiheimili 4.0.

*Tölur fyrir 2024 eru aðeins bráðabirgðatölur og því er horft til 2023

Heimild: Ferðamálastofa [Dvalarlengd og gistimáti](#)

Gisting í tjöldum og húsbílum

Gistinætur innlendra og erlendra gesta

Á öllu landinu

9.518.591

Heildarfjöldi gistinátta
(*allar tegundir gististaða 2023*)

1.302.113

Heildarfjöldi gistinátta
á **tjaldstæðum (2023)**

= 13,7% af öllum gistináttum á
landsvísu

13% gistinátta á
tjaldsvæðum árið
2023 voru á
höfuðborgar-
svæðinu

Á höfuðborgar- svæðinu

3.483.746

Heildarfjöldi gistinátta
(*allar tegundir gististaða 2023*)

169.496

Heildarfjöldi gistinátta
á **tjaldstæðum (2023)**

= 5% af öllum gistináttum á
höfuðborgarsvæðinu

Gisting í tjöldum og húsbílum

Gistinætur erlendra gesta

Á öllu landinu

7.557.161

Heildarfjöldi gistingu-
nátta erlendra
ferðamanna
(*allar tegundir gistingu-
nátta 2023*)

889.568

Heildarfjöldi gistingu-
nátta
á **tjaldstæðum (2023)**
= 11,7% af öllum gistingu-
nátum á
landsvísu

16% gistingu-
nátta
erlendra
ferðamanna á
tjaldstæðum árið
2023 voru á
höfuðborgar-
svæðinu

Á höfuðborgar- svæðinu

*tölur skortir vegna
endurskoðunar
Hagstofunnar

143.127

Heildarfjöldi gistingu-
nátta
á **tjaldstæðum (2023)**

Húsbílar skv. Samgöngustofu

- Fjöldi ökutækja í útleigu 2023 – 21.000 - 31.000 eftir mánuðum.
- Fjöldi húsbíla í útleigu – ekki nákvæmar tölur en Samgöngustofa metur að þeir séu um 4.000 skv. fyrirspurn Markaðsstofunnar.

Tjaldsvæði á höfuðborgarsvæðinu

Laugardalur - Reykjavík

- Opið árið um kring
- Pláss fyrir um 200 tjöld
- Pláss fyrir 150 húsbíla, fellihýsi, tjaldvagna
- Langstærsta tjaldsvæðið á höfuðborgarsvæðinu
- reykjavikcampsite.is
- Hluti af farfuglaheimilinu í Laugardal
- Reykjavík Eco-Campsite
- Veitir afslátt af verði ef fólk ferðast með reiðhjóli – **umhverfisafsláttur 20%**
- Rafmagn, netsamband
- Þvottavélar, þurrkarar, eldunaraðstaða inni, salerni, sturtur
- Farangursgeymsla, hægt að geyma farangur og jafnvel hjól í 6 vikur
- Öryggisgeymsla fyrir verðmæti
- Verð pr. fullorðinn m. tjaldi 3.375 kr. nóttin –
Meðalverð á bíl + 2 farþega er um 15.000 kr.



Mosskógar - Mosfellsbær

- Opið árið um kring
- Pláss fyrir 20 tjöld (en eru aðeins lítið notuð)
- Pláss fyrir 40 farartæki, vel ræst fram og þurr
- Einkarekið
- Rafmagn, netsamband
- Þvottavélar, þurrkarar, eldunaraðstaða undir þaki (inni í gróðurhúsi), salerni, sturtur
- Eitt verð á „einingu“ (bíl+farþega) 6.500 kr.
- Er rekið sem hluti af garðyrkjustöð og skógrækt – mikið skjól
- VALIÐ VINSÆLASTA TJALDSVÆÐI Á ÍSLANDI 2025 – samkvæmt camping.info – Endurgjöf frá gestum, fyrst og fremst erlendum
- Eru ekki með heimasíðu – aðeins FB-síðu.



Víðistaðatún - Hafnarfjörður

- Opið frá 15. maí til 15. september
- Rekið af skátafélaginu Hraunbúum sem einnig reka farfuglaheimilið Lava Hostel – 9000 gistinætur árið 2024.
- Rafmagn, netsamband
- Þvottavélar, þurrkarar, aðstaða til að þvo potta og pönnur, salerni, sturtur – engin eldunaraðstaða inni.
- Verð pr. fullorðinn 2.000 kr. nóttin grunngjald
- Verð fyrir einingu: 500 kr. tjald – 1.000 kr. bíll
- Pláss fyrir 20 tjöld og 20 bíla.
- Tjaldsvæðið er mjög lítið og er fullnýtt nánast allt sumarið – Hraunbúar leyfa bílum að dvelja á bílastæði sínu á nóttunni til að anna eftirspurn.



Nokkrir punktar úr samtölum við rekstraraðila

- „Það eru fá pláss á tjaldsvæðum í boði á höfuðborgarsvæðinu. Tjaldsvæðin í Hafnarfirði og Mosfellsdal eru lítil. Aðeins 20 tjöld komast fyrir í Hafnarfirði og í Mosskógum.“
- „Tjaldsvæði á höfuðborgarsvæðinu **anna engan veginn eftirspurn**. Frá lokum maí og fram í september eru þau uppbókuð hvern einasta dag, oftast frá kl.15.00 á daginn.“
- „**Camperbílarnir** verða að finna stað til að dvelja yfir nótt á höfuðborgarsvæðinu. Íbúar eða fyrirtækjaeigendur gera athugasemdir við bílana og þeir geta fengið sektir ef þeir eru ekki á tjaldstæðum. Þeir koma hins vegar að lokuðum dyrum ef þeir eru seint á ferðinni. Mosskógar vísa fólki til Þingvalla og í Grafning.“
- Rekstraraðilar undrast hve **lítill áhugi** er á úrbótum í málefnum tjaldstæða.



Tjaldsvæði í höfuðborgum á Norðurlöndunum

Tjaldsvæði í Ósló

- Íbúar Ósló eru 1,5 milljónir – um 2,5 milljónir heimsækja borgina árlega
- Innan borgarmarkanna eru **3 tjaldstæði og 1 húsbílastæði** – Fyrirtækið Topcamp rekur tvö helstu tjaldsvæðin.
- Tjaldsvæðið **Ekeberg** er í göngufjarlægð frá miðborginni, 11 mínútur í strætó. Húsdýragarður er við hliðina á tjaldsvæðinu. 600 pláss. Stór almenningsgarður við hliðina. Að hluta opið á veturna – Topcamp.
- Tjaldsvæðið **Bogstad** er 30 mín í strætó norðan við Ósló. Við hliðina á stöðuvatni og útivistarsvæði. Um 60 smáhýsi sem eru einangruð og opin á veturna líka. Þá er hægt að fara á gönguskíð í nágrenninu – Topcamp
- **Langøene** – Eyja í Óslóarfirði, má aðeins tjalda í 2 daga í einu, ókeypis tjaldsvæði, í umsjón Óslóarborgar, tengt við land með ferju. – opið á sumrin. Aðeins fyrir tjöld.



Tjaldsvæði í Helsinki

- Íbúar höfuðborgarsvæðis **Helsinki** (með Espoo) eru 1,3 milljónir – um 3,5 milljónir heimsækja borgina árlega (innlendir gestir meðtaldir).
- Í **Helsinki** og **Espoo** er fjöldi lítilla tjaldsvæða (um 10) sem flest eru rekin af sveitarfélögunum og eru á landi þeirra. Þau eru yfirleitt lítil og aðeins opin á sumrin og eru við ströndina eða á eyjum við hana. Ganga út á sjóböð og sund.
- Helsta tjaldsvæði Helsinki er **Rastila**. Metróstoppistöð er við innganginn og það er 20 mín. ferð með lest í miðbæinn. Baðsvæði fyrir sjóböð. Sánur. Glæsilegur veitingastaður.
 - Rekið af Helsinki og hluti af stefnumörkun Helsinki um sjálfbærni.
- **Santalaiti Resort** – Lúxustjaldstæði við Helsinki. Sánur og glæsileg sjósundaðstaða en líka möguleiki á að tjalda og koma með húsbíla. Tjaldstæðið er í furskógi. Möguleiki á að leigja „trjátjöld“, tjöld sem eru hengd í rjóðrum milli trjáa. Glæsilegur veitingastaður.



Tjaldsvæði í Þrándheimi

- Íbúar Þrándheims eru 200.000 – um 400.000 heimsækja borgina árlega – Alþjóðaflugvöllurinn Værnes í nágrenninu.
- Nálægt borginni eru **3 tjaldstæði** – öll einkarekin. Eitt þeirra, Øysand, er opið allt árið en þjónustan er verulega skert á veturna.
- Tjaldsvæðin eru fremur langt frá borginni. Þau eru öll tengd almenningssamgangnakerfi sveitarfélagsins, en ekki alltaf auðvelt að nota það til að komast á tjaldstæðin.
- Tjaldsvæðin eru öll við sjó og nálægt útivistarsvæðum og bjóða upp á sjóundsmöguleika, kajakróður og mjög fjölbreytta útivist.



Tjaldsvæði í Stokkhólmi

- Íbúar höfuðborgarsvæðis **Stokkhólms** eru 2,5 milljónir – 2/3 gistinátta í Stokkhólmi eru vegna innlendra ferðamanna sem einnig eru helstu notendur tjaldsvæða.
- Alls eru 5 stór tjaldsvæði á Stokkhólmssvæðinu.
- Öll tjaldsvæði á Stokkhólmssvæðinu eru fjarri miðborginni. Langar og oft flóknar ferðir í strætisvögnum og lestum að tjaldsvæðunum úr miðbænum. Ferjan til Waxholm í sænska skerjagarðinum er einfaldasta leiðin til að komast frá tjaldstæðinu þar til miðbæjarins.
- Öll tjaldsvæðin eru við vatn eða sjó eða við stór og víðlend útivistarsvæði. Þau eru einkarekin.
- Öll tjaldstæðin reka einnig smáhýsaleigu.
- **Flottsbro í Huddinge** er stærsta svæðið. Opið allt árið. Á veturna eru smáhýsin leigð út sem kofar fyrir skíðafólk og gönguskíðafólk. Veitingastaðir opnir allt árið. Baðströnd og margskonar möguleikar til útivistar og íþróttaiðkunar og leikja.



Tjaldsvæði á Norðurlöndum - Helstu atriði

- Flest stór tjaldstæði á Norðurlöndum eru nálægt vatni eða sjó og gera út á **útiböð**, róður og **íþróttaiðkun og leiki**. Þetta býður einnig upp á vellíðunarferðamennsku.
- Tjaldsvæðin eru oftast í nánd við **friðlönd** eða **útivistarsvæði** sem bjóða upp á gönguferðir og útivist og náttúruupplifun.
- Gæsla tjaldsvæðanna er í æ meira mæli sjálfvirk. Innheimta er í gegnum app og með myndavélaeftirliti.
- Tjaldsvæðin eru nánast undantekningalaust með **smáhýsi** til leigu fyrir 3-5 manns. Þau eru oft til leigu árið um kring.
- **Húsbílastæði** og stæði fyrir hjólhýsi eru á öllum tjaldsvæðum og rafmagnstengingar. Þó er einnig boðið upp á tjaldsvæði sem aðeins eru fyrir tjöld á afskekktum stöðum.
- Tjaldsvæðin eru skýr hluti af gistiframboði bæja og borga en misvel tengd þéttbýlisstöðum með **almenningsgöngum**.



Umræður í svæðisskipulagsráði í júní

- * Ánægja með að taka þetta efni upp
- * Markaðsstofa haldi vinnustofu með ferðapjónustunni og sveitarfélögunum á haustmánuðum og fái fleiri sjónarhorn
- * Vantar Kjósina inn í þetta
- * Samanburður við aðra staði á landinu

Næstu skref